

Orkuveita Reykjavíkur -
Eignir ohf.
Ársreikningur 2018

Orkuveita Reykjavíkur - Eignir ohf.
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

kt. 531213-0840

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðra endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjárfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Orkuveita Reykjavíkur - Eignir ohf. (OR Eignir) er opinbert hlutfélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Félagið er eignarhaldsfélag og var stofnað 6. desember 2013, en starfsemi þess hófst 1. janúar 2014.

Enginn starfsmaður starfaði hjá OR Eignum ohf. á árinu en Orkuveita Reykjavíkur sá um daglegan rekstrur félagsins.

Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning OR Eigna ohf. Ekki er gerður samstæðureikningur þar sem ársreikningur OR Eigna ohf. er hluti af samstæðureikningi Orkuveitu Reykjavíkur.

Hagnaður af rekstri OR Eigna ohf. á árinu 2018 nam 8.558 milljónum kr. (2017: 6.101 milljón kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins í árslok 117.038 milljónum kr. (31.12.2017: 95.875 milljónir kr.). Eigið fé nam 117.037 milljónum kr. í árslok (31.12.2017: 95.867 milljónir kr.) og var eiginfjárlutfall félagsins 100% eins og í árslok 2017.

Félagið er að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og urðu engar breytingar á eignarhaldi á árinu 2018.

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra OR Eigna ohf. gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu í árslok og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu 2018.

Stjórn og framkvæmdastjóri Orkuveitu Reykjavíkur - Eigna ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018.

Reykjavík, 25. mars 2019

Í stjórn félagsins:

Brynhildur Davíðsdóttir
Sigríður Rut Júlíusdóttir
Gylfi Magnússon
Hildur Björnsdóttir
Kjartan Magnússon
Guðjón Viðar Guðjónsson

Framkvæmdastjóri:

Bjarni Bjarnason

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Orkuveitur Reykjavíkur - Eignum ohf.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Orkuveitu Reykjavíkur - Eigna ohf. („félagið“) fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2018 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda*. Við uppfylfum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar taka til upplýsinga í ársskýrslu, þó ekki ársreiknings og áritun óháðs endurskoðanda. Álit okkar nær ekki til upplýsinga í ársskýrslu eða annarra upplýsinga sem félagið gefur út. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni ársskýrslunnar og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli hennar og ársreikningsins, hvort upplýsingar í ársskýrslu séu í andstöðu við þær upplýsingar sem við höfum aflað við endurskoðun okkar eða hvort í ársskýrslunni séu verulegar villur.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningsins með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda, frh.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitungu við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum ein ábyrgð á álitum okkar á félaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega

Við lýsum því yfir að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.
Reykjavík, 25. mars 2019

Davíð Arnar Einarsson
Löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2018

	Skýr.	2018	2017 *
Annar rekstrarkostnaður	(691)	(586)
Rekstrarkostnaður samtals	(691)	(586)
Rekstrartap (EBIT)	(691)	(586)
Vaxtatekjur		55	78
Vaxtagjöld	0	(1)	
Arðstekjur af hlutabréfum	0	0	0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		55	77
Áhrif dótturfélaga	8	8.558.503	6.101.829
Hagnaður fyrir tekjuskatt		8.557.867	6.101.321
Tekjuskattur	7	98	88
Hagnaður ársins		<u>8.557.965</u>	<u>6.101.409</u>

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar. Sjá nánar í skýringu 4.

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017 *
Eignir			
Eignarhlutar í dótturfélögum	8	113.060.111	95.872.671
Fastafjármunir samtals		<u>113.060.111</u>	<u>95.872.671</u>
Aðrar skammtímakröfur		12	16
Kröfur á tengda aðila	10	3.975.148	88
Handbært fé	11	2.337	2.601
Veltufjármunir samtals		<u>3.977.497</u>	<u>2.705</u>
Eignir samtals		<u>117.037.608</u>	<u>95.875.376</u>
Eigið fé			
Hlutfé		25.004.000	25.004.000
Endurmatsreikningur		53.545.828	48.997.841
Bundinn hlutdeildarreikningur		25.631.362	9.871.469
Þýðingarmunur		540.882	(5.359.795)
Lögbundinn varasjóður		2.730.829	2.105.461
Óráðstafað eigið fé		9.584.427	15.248.399
Eigið fé samtals		<u>117.037.327</u>	<u>95.867.376</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir við móðurfyrirtæki	10	0	8.000
Aðrar skammtímaskuldir		281	0
Skammtímaskuldir samtals		<u>281</u>	<u>8.000</u>
Skuldir samtals		<u>281</u>	<u>8.000</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>117.037.608</u>	<u>95.875.376</u>

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar. Sjá nánar í skýringu 4.

Eiginfjáryfirlit 2018

Árið 2018	Hlutfé	Endurmats- reikningur	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Þýðingar- munur	Lögbundinn varasj.	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1. janúar 2018	25.004.000	48.997.841	9.871.469	(5.359.795)	2.105.461	15.248.399	95.867.375
Endurmat, hækkun		8.389.138					8.389.138
Tekjuskattsáhrif af endurmati		(1.677.828)					(1.677.828)
Innlausn endurmats afskrifta		(2.649.642)				2.649.642	0
Tekjuskattsáhrif innlausnar endurmats		486.319				(486.319)	0
Þýðingarmunur				5.900.676			5.900.676
Framlag í lögbundinn varasjóð					625.368	(625.368)	0
Hlutdeild í hagnaði dótturfélaga umfram móttækinn arð			15.759.893			(15.759.893)	0
Hagnaður ársins						8.557.965	8.557.965
Eigið fé 31. desember 2018	25.004.000	53.545.828	25.631.362	540.882	2.730.829	9.584.427	117.037.327
Árið 2017 *							
Eigið fé 1. janúar 2017	25.004.000	44.562.259	3.502.084	(1.785.611)	1.468.565	14.846.193	87.597.489
Leiðrétt staða 1.1. vegna afkomu í dótturfélagi						(368.839)	(368.839)
Leiðrétt eigið fé 1. janúar 2017	25.004.000	44.562.259	3.502.084	(1.785.611)	1.468.565	14.477.354	87.228.650
Endurmat, hækkun		7.639.375					7.639.375
Tekjuskattsáhrif af endurmati		(1.527.875)					(1.527.875)
Innlausn endurmats vegna afskrifta		(2.094.898)				2.094.898	0
Tekjuskattsáhrif innlausnar endurmats		418.980				(418.980)	0
Þýðingarmunur				(3.574.183)			(3.574.183)
Framlag í lögbundinn varasjóð					636.896	(636.896)	0
Hlutdeild í hagnaði dótturfélaga umfram móttækinn arð			6.369.385			(6.369.385)	0
Hagnaður ársins						6.101.409	6.101.409
Eigið fé 31. desember 2017	25.004.000	48.997.841	9.871.469	(5.359.795)	2.105.461	15.248.399	95.867.376

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar. Sjá nánar í skýringu 4.

Sjóðstreymisýfirlit 2018

	Skýr.	2018	2017 *
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		8.557.965	6.101.409
Leiðrétt fyrir:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(55)	(77)
Áhrif dótturfélaga	8 (8.558.503)	(6.101.829)
Tekjuskattur	(98)	(88)
Lækkun krafna		4	8
Hækkun skulda		281	0
Kröfur á tengda aðila hækkun	10 (3.982.962)	0
Handbært fé til rekstrar án vaxta og skatta	(3.983.368)	(578)
Innborgaðar vaxtatekjur		55	78
Greidd vaxtagjöld		0	(1)
Handbært fé til rekstrar	(3.983.314)	(501)
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgaður arður	8	3.983.050	0
Fjármögnunarhreyfingar		3.983.050	0
Lækkun á handbæru fé	(264)	(501)
Handbært fé í ársbyrjun.....		2.601	3.101
Handbært fé í árslok.....		2.337	2.601
Aðrar upplýsingar:			
Veltufé (til) frá rekstri	(538)	420

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar. Sjá nánar í skýringu 4.

Skýringar

1. Félagið

OR Eignir ohf. er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Félagið er með höfuðstöðvar að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Félagið er að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning OR Eigna ohf. Ekki er gerður samstæðureikningur þar sem ársreikningur OR Eigna ohf. er hluti af samstæðureikningi Orkuveitu Reykjavíkur.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður en þeim er lýst hér á eftir.

b. Matsaðferðir

Reikningsskil félagsins byggja á upphaflegu kostnaðarverði.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreikningsins krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

a. Dótturfélög

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélaganna. Eignarhlutar í dótturfélagum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru eignarhlutar færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýmnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

b. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Tekjuskattshlutfall er 20% vegna ársins 2018.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti.

Tekjuskattseign sem myndast við upphaf skattskyldu er færð á sama tíma, í rekstrarreikning sem tekjur ársins.

Skýringar

4. Leiðrétting á samanburðartölum

Félagið hefur leiðrétt samanburðartölur vegna leiðréttingar á tekjuskráningu dótturfélags. Skekkjan hjá dótturfélaginu nær til árána 2015-2017. Leiðréttingar vegna fyrri tímabila eru sýndar sem leiðréttingar á eigin fé í samanburðartölum.

Rekstrarreikningur (samandreginn)	2017	Leiðrétting	2017
			Leiðrétt
Áhrif dótturfélaga	6.369.385	(267.556)	6.101.829
Hagnaður ársins	6.368.965	(267.556)	6.101.409

Efnahagsreikningur (samandreginn)	2017	Leiðrétting	2017
			Leiðrétt
Eignarhlutir í félögum	96.509.066	(636.395)	95.872.671
Fastafjármunir samtals	96.509.066	(636.395)	95.872.671
Eignir samtals	96.511.771	(636.395)	95.875.376
Óráðstafað eigið fé	15.884.794	(636.395)	15.248.399
Eigið fé samtals	96.503.771	(636.395)	95.867.376
Eigið fé og skuldir samtals	96.511.771	(636.395)	95.875.376

5. Laun og launatengd gjöld

Enginn starfsmaður starfar hjá OR Eignum og stjórn fær ekki þóknun fyrir störf sín.

6. Þóknun greidd til endurskoðanda

	2018	2017
Þóknun vegna endurskoðunar ársreiknings og könnunar árshlutauppgjöra	674	569

7. Tekjuskattur

	2018	2017
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:		
Breyting á frestuðum tekjuskatti	98	88
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning	98	88
Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2018	2017
Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt	8.557.867	6.101.321
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0%	20,0%
Áhrif hlutdeildar í afkomu dótturfélaga	(20,0%) (1.711.701)	(20,0%) (1.220.366)
Ófrádráttarbær opinber gjöld	0,0%	0,0%
Samsköttun með dótturfélögum	0,0%	0,0%
Virkur tekjuskattur	(0) (98)	(0) (88)

Skýringar

8. Eignarhlutir í dótturfélögum

Eignarhlutir í dótturfélögum greinast þannig:	Veitur	Orka náttúrunnar	Samtals
Eignarhlutir í ársbyrjun	48.137.936	48.371.131	96.509.066
Leiðrétting á eignarhlutum í félögum 1.1. sjá nánar skýringu 4.	0	(636.395)	(636.395)
Eignarhlutir í dótturfélögum 1. janúar 2018	48.137.936	47.734.735	95.872.671
Áhrif dótturfélags	3.404.089	5.154.415	8.558.503
Endurmat	0	6.711.310	6.711.310
Þýðingarmunur	0	5.900.676	5.900.676
Greiddur arður	(2.000.000)	(1.983.050)	(3.983.050)
Eignarhlutur í árslok	49.542.025	63.518.086	113.060.111
Eignarhlutur	100%	100%	

Veitur dreifa rafmagni og varmaorku frá lághitasvæði auk varmaorkuvinnslu á lághitasvæði auk reksturs á OR vatns- og fráveitu sem er rekið í sérstöku félagi.

Orka náttúrunnar framleiðir rafmagn og varmaorku í orkuverum, auk raforkusölu til stóriðju og smásölu. Félagin eru að fullu í eigu OR Eigna. Þau eru staðsett að Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík.

9. Eigið fé

Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess nemur 25.004 milljónum kr. í árslok. Félagið á engin eigin bréf. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna

Endurmatsreikningur samanstendur af endurmatshækkunum rekstrarfjármuna að teknu tilliti til tekjuskatts. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning og millifærðar á sama tíma af endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé.

Bundinn hlutdeildarreikningur

Samkvæmt lögum nr. 3/2006 ber félögum að færa hlutdeild í afkomu dóttur- eða hlutdeildarféлага, sem færð er í rekstrarreikning og er umfram móttækinn arð eða þann arð sem ákveðið hefur verið að úthluta, á bundinn hlutdeildarreikning meðal eigin fjár.

Þýðingarmunur

Á þýðingarmun er færður allur gengismunur sem verður til vegna umreiknings reikningsskila starfsemi með annan gjaldmiðil en íslenskar krónur.

Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð. Í varasjóðinn skal leggja 10% af hagnaði hvers árs þar til sjóðurinn nemur 10% af nafnverði hlutafjár, en 5% eftir það.

Óráðstafað eigið fé

Enginn arður var greiddur til móðurfyrirtækisins árið 2018 (2017: engin arðgreiðsla).

Skýringar

10. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn borgarinnar, félög í samstæðu Orkuveitunnar, stjórnarmenn og lykilstjórnendur fyrirtækisins eru skilgreindir sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Félagið hefur veitt móðurfyrirtæki sínu skammtímalán að fjárhæð 3.975 milljónir kr. Krafa er á dótturfélögin Veitur og Orku náttúrunnar vegna samsköttunar að fjárhæð 98 þús. kr. (31.12.2017: Skuld við móðurfélag 8 milljónir kr. og krafa á dótturfélögin Veitur og Orku náttúrunnar vegna samsköttunar að fjárhæð 88 þúsund kr.) Engar aðrar stöður eða viðskipti eru við aðra tengda aðila.

11. Handbært fé

Handbært fé í árslok samanstendur af bankainnstæðum.